

um till. til þál. um landsútsvör.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn vísa því til ríkisstjórnarinnar sem máli, er Alþingi tekur ekki efnislega afstöðu til. Ég legg þar á mót til, að tillagan verði samþykkt, svo að málið liggja fyrir ríkisstjórninni sem ákvörðun Alþingis um, að upp beri að taka landsútsvör og að stjórninni sé falið að láta undirbúa lagasetningu um það.

Ríkisstjórnin hefur að undanförunu látið á sínum vegum vinna nokkuð að endurskoðun laga um útsvör. Árangurinn af þessu hefur orðið sá, að fyrir þingið hefur verið lagt lagafrumvarp um bráðabirgðabreytingu á gildandi útsvarslögum.

Það er mikið tímanna tákni og sannar nauðsyn landsútsvara betur en flest annað, að í nefndu stjórnarfrumvarpi er lagt til, að í lög verði teknir þrenns konar almennir útsvarsstigar, einn fyrir Reykjavík, annar fyrir aðra kaupstaði og hinn þriðji fyrir sveitir og þorp. Og hin almenna regla, sem þessir mismunandi stigar boða, er þannig: Lægst skulu útsvörin vera á Reykvíkingum, nokkru hærra á íbúum sveita og þorpa, en langhæst á kaupstaðabúum utan Reykjavíkur.

Ef gerður er samanburður á því, hver mismunur þegnum þjóðfélagsins er ætlaður samkvæmt stjórnarfrumvarpinu um útsvör eftir því, hvar þeir búa, kemur eftirfarandi í ljós:

Einstaklingar greiði af útsvarsskyldum tekjum:

	40 þús.	60 þús.	80 þús.	100 þús.
Í Reykjavík	3890	8390	13390	18390
- sveitum	4880	8680	13380	18380
- kaupstöðum	5700	10800	16300	22200

Þótt íbúum sveitanna sé þannig ætlað að bera miklum mun hærra útsvör en Reykvíkingum af lágum tekjum, má kalla, að það jafnist, eftir að komið er í háar tekjur, en útsvör annarra kaupstaðarbúa eiga ævinlega að vera langhæst. Að hugmynd þess frumvarps kominni í fulla framkvæmd mundu t. d. Vestmanneyingar, Ísfirðingar, Akureyringar og aðrir slíkir verða að greiða 147 kr. á mótum hverjum 100 kr., sem Reykvíkingur greiddi af 40 þús. kr. tekjum. En af 100 þús. kr. tekjum bæri kaupstaðabúum utan höfuðborgar að greiða 3810 kr. hærra útsvar en Reykvíkingi með sömu tekjur.

Auðvitað er það brot á anda þeirrar reglu, að þjóðfélagsþegnarnir eigi að vera jafnir fyrir lögum, að setja lög, er mismuna jafngeigvænlega og útsvarslagafrumvarp það, sem nú er til meðferðar í þinginu, gerir.

En hitt verður varla dregið í efa, að eftir að höfuðborgin hefur notað aðstöðu sína til að heimta útsvar af viðskiptum allra skipafélaga, heildverzlana, tryggingafélaga og einkasölustofnana ríkisins, svo að nokkuð sé nefnt af því, sem verzlun allra landsmanna sameiginlega ber uppi, en höfuðborgin ein hefur algera sérstöðu um að gera að sínum tekjustofni, þá hlýtur tekjuþörfin í öðrum kaupstöðum að kalla á þyngri álögur á skattþegnana heima fyrir.

Ég tel því hina brýnustu nauðsyn, að ekki verði lengur látið undir höfuð leggjast að heimta inn útsvar, er öll sveitarfélög landsins eigi að jöfnu við íbúafjölda sinn tilkall til, af þeim fyrirtækjum, sem borin eru uppi af viðskiptum landsmanna allra. Hin misjafna aðstaða sveitarfélaganna verður tæpast jöfnuð án þess, að hugmyndin um landsútsvör komist í framkvæmd.

Alþingi, 21. maí 1960.

Karl Guðjónsson.